



*Alþingi  
Erindi nr. P 137/293  
komudagur 18.6.2009*

18. júní 2009  
SI-53018

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 11. júní 2009, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, 85. mál, sparisjóðir. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á VIII. kafla laganna, sem fjallar um sparisjóði.


Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er eitt af markmiðum frumvarpsins að auðvelda sparisjóðum að sækja sér nýtt stofnfé, m.a. á grundvelli laga nr. 125/2008, með því að geta lækkað núverandi stofnfé til að mæta taprekstri siðstu ára og með þeim hætti jafnað varasjóð sparisjóðsins. Rekstrarrafkoma sparisjóðanna á árinu 2008 var almennt mjög slæm og veruleg rýrnun varð á eigin fé þeirra. Seðlabanki Íslands telur mikilvægt að auðvelda sparisjóðum að sækja sér nýtt stofnfé.

Með frumvarpinu er einnig leitast við að styrkja rekstrargrundvöll og samvinnu sparisjóða. Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins, sem fjallar um útvistun verkefna, kemur fram að það hafi verið á reiki hvort sparisjóðirnir hafi haft lagaheimild til slíks samstarfs. Seðlabanki Íslands telur að umrædd útvistun sé til þess fallið að styrkja rekstrargrundvöll sparisjóðanna.

Seðlabanki Íslands styður samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst  
SEDLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygard  
seðlabankastjóri

  
Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

S E D L A B A N K I Í S L A N D S

K A L K O F N S V E G I 1 · 1 5 0 R E Y K J A V Í K

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is) · BRÉFASÍMI: 569 9605